

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi í Reykholti, Biskupstungum, Lambatún/Sólbrekka.*
Gert er ráð fyrir að lóðin Sólbrekka stækki úr 14.000 m² í 20.433 m² auk þess sem byggingareitur stækkar til að koma fyrir skemmu á lóðinni.
Samþykkt í sveitarstjórn 26. mars 2007.
2. *Breyting á deiliskipulagi Reykhólts, Fljótsholt, Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir að tvær lóðir verði að einni alls 14.297 m². Jafnframt er leiðrétt lega aðkomuvegar. Hámarksstærð húss er 500 m² og hámarkshæð 6,2 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 28. nóvember 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. apríl 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2007